



# Skyndihjálp við tannáverka

Við áverka á fullorðinstennur er mögulegt að bjarga mörgum þeirra ef ÞÚ veist hvað á að gera ef þú færð högg á þær



1 Finndu öll tannbrotin



2 Oftast er hægt að líma þau á tönnina



3 Til þess að það sé hægt farðu STRAX til tannlæknis



1 Finndu tönnina strax!



2 Haltu aðeins um tannkrónuna, ekki rótina




3 (Settu tappann í vaskinn) Ef tönnin er óhreín, skolaðu hana þá örstutt með köldu rennandi vatni


4 GERÐU SÍÐAN EITT AF ÞESSU:



a Ef þetta er fullorðinstönn reyndu þá að setja tönnina aftur í holuna



b Settu annars tönnina í mjólk eða saltvatn en EKKI í kranavatn



c Ef þú átt ekki mjólk settu þá tönnina í munninn milli kinnar og tanna, en passaðu vel að hún hrökkvi ekki ofan í þig



5 Farðu STRAX til tannlæknis. Best er að komast til tannlæknis á innan við klukkutíma

Athugið að leita ávallt ráða hjá tannlækni sem fyrst eftir alla áverka á tennur.



TANNVERNDARRÁÐ

Gefið út af Tannverndarráði 2004 með leyfi Universidad De Valparaíso í Chile, IADT og listamannsins Andrea Aspée



International Association of Dental Traumatology

